

Alþingi
Erindi nr. Þ 120/2411
komudagur 1/7 1996

k. 480580 0289



MEDFERÐARSTÖÐ RÍKISINS FYRIR UNGLINGA

Skrifstofa - Sudurgötu 22 - 101 Reykjavík - Sími 552 8055 - Bréfsími 552 8155 - Netfang mru@itn.is

Reykjavík, 27. júní 1996

Nefndadeild Alþingis,
b.t. allsherjarnefndar,
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn um frumvörp til laga um lögræðislög, 456. og 457. mál.

Umsögn er samhljóða fyrir bæði þessi erindi.

Að mati MRU er tímabært að hækka sjálfræðisaldurinn úr 16 í 18 ár. Rök fyrir þeirri hækkun koma fram í greinargerðum frumvarpanna beggja og tekur stofnunin undir þau.

Að okkar mati er afar mikilvægt að sú réttarstaða sem sjálfræðið felur í sér sé skýr og ótvífræð, og þá ekki síður og skyldur forsjáraðila þess sem ekki hefur náð sjálfræðisaldri. Mismunandi þroski og ólfkir hagir barna eiga ekki að hafa áhrif á hina formlegu skilgreiningu sjálfræðis eða mörk sjálfræðisaldurs, sem verður að vera hið sama fyrir alla, líkt og aðrar aldursbundnar breytingar á réttarstöðu, svo sem kosningaréttur og kjörgengi.

Það er mikilvægt fyrir skipulag allrar samfélagsþjónustu, svo og hlutverk foreldra og samskipti foreldra og barna þeirra sem nálgast sjálfræðisaldur, að ekki leiki nokkur vafi á því hvaða skyldur fylgja foreldravaldinu og hver réttindi barnsins eru. Það ætti að okkar mati að skýra nánar í annarri löggjöf, en í sjálfræðislögum, s.s. í barnalögum, þar sem kveðið er á um rétt barna til þess að hafa áhrif á eða ráða einhverju um sína persónulegu hagi, eftir því serm aldur og þroski hvers segir til um.

Virðingarfyllst,

Áskell Örn Kárason
forstöðumaður

Móttaka og meðferð

Efslasundi 86
104 Reykjavík

Sími 553 1700

Meðferðarheli

Sólheimum 7
104 Reykjavík

Sími 581 2686

Tindar

Hverfisgötu 4a
101 Reykjavík
Sími 552 8600

Bréfsími 552 8620